

Það fyrsta, sem vekur athygli vort þegar vér hugsum um dygð er mismunur sá, er vér þykjumst sjá, að sumir menn eru siðferðisgóðir, en aftur aðrir siðferðisvondir. Sömu leiðis þjóðir; þær koma okkur misjafnlega fyrir sjónir, sumar dygðugar og aðrar ódygðugar. Það er ekki hinn minsti efi á því, að menn og þjóðflokkar eru mjög misjafnir hvað siðferði snertir, en þessi mismunur er í raun og veru ekki eins mikill eins og oss kemur hann fyrir sjónir í fyrstu. Hann hverfur að nokkru leyti þegar vér gætum nákvæmlega að málavöxtum. Stjórnarfar, kyrkja og trú og atvinnuvegir hafa mjög mikil áhrif á hugsunarhátt manna, og þar af leiðandi á siðferði, og þetta alt er naumast það sama hjá tveimur þjóðum, hvað þá heldur hjá fleirum. Eg ætla ekki í þetta skifti að minnast á þau áhrif, sem stjórnarfar, kyrkja og trú, hafa haft á hugsunarhátt fólks, því það hvert fyrir sig væri nóg efni í sérstaka fyrirlestra.

Hver þjóð hefir sína sérstöku dygð, sem vér getum kallað *megindygd* eða *frumdygd*. Það er að segja, að hver þjóð hefir einhverja sérstaka dygð, sem meira ber á en öðrum dygðum. Það er dygð, sem er meira eftirtakanleg („prominent“) en aðrar dygðir, og hver sá einstaklingur hjá þeirri þjóð, sem ekki er snortinn af þessari dygð, er af þessari sömu þjóð ávalt álitinn afhrak; þrátt fyrir þótt hann hefði ýmsa aðra göfuga kosti til að bera. T. d. hjá Íslendingum heima á Fróni er ráðvendni megindygd, og hver Íslendingur, sem var óráðvundur, var ekki í áliti, þótt hann væri siðferðisgóður að öðru leyti. Mannúðar og réttlætis tilfinningar hjá þeim manni sem ekki var frómur, voru að vettugi virtar af öðrum. Það að vera þjófur, var sú stærsta niðurlæging sem nokkurn mann gat hent. Aftur er ýmsum öðrum dygðum skipað framar hjá öðrum þjóðum.—Hjá Írum er skírlífi megindygd, og þótt maður meðal Íra hafi ýmsa aðra kosti og hæfileika, þá hverfa þeir, hafi hann ekki þessa dygð. Þetta kom svo ljóslega fram í afdrifum Stuarts Parnells. Hjá Ítölum og Spánverjum er tilbeiðsla og lotning fyrir guðdóminum þeirra langhelsta megindygd. Hjá ensku-mælandi konum er skírlífi aftur megindygðin. Með þessu er ekki sagt að hver einstaklingur hjá hverri þjóð sé snortinn af